

hans. Skal þá greiða kostnaðinn úr sveitarsjóði til bráðabirgða, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda með lögtaki, ef þörf gerist.

101. gr.

Ef einhver brýtur ákvæði þessarar samþykktar eða vanrækir að hlýðnast í tæka tíð fyrir mælum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni, skal hann sæta sektum allt að 5000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, og rennur sektarfé í sveitarsjóð.

Enn fremur er hreppstjóra heimilt eftir beiðni heilbrigðisnefndar að stöðva starfsemi, er fellur undir samþykkt þessa, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

102. gr.

Með mál, er rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

103. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðis-samþykkt fyrir Mosfellshrepp, er hreppsnefndin hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. ágúst 1963.

Bjarni Benediktsson.

Elias Ellasson.

AUGLÝSING

um vinnumiðlun í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun, og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.